

# Bólusetningar, getum við lært af sögunni?

## Magdalena Ásgeirsdóttir

lungnalæknir á  
Reykjalundi, ritari  
Læknafélags Íslands



Magdalena@REYKJALUNDUR.is

Á aðalfundi Læknafélags Íslands þann 25. september síðastliðinn voru tveir læknar kjörnir heiðursfélagar, þau Sigurbjörn Sveinsson og Margrét Guðnadóttir. Þau eru bæði vel að þessu komin.

Þrátt fyrir að vera orðin hálfíniræð er Margrét enn að og vinnur af sama eldmóði og undanfarna áratugi. Fáir læknar á Íslandi hafa lagt eins mikið til heilbrigðis þjóðarinnar og Margrét. Hún hefur verið ötull talsmaður bólusetninga og þannig komið í veg fyrir alvarleg veikindi, örskum og dauða.

Mörg plágan hefur riðið yfir Ísland í aldanna rás og tekið sinn toll, stórir faraldrar, spænska veikin, lömunarveiki og rauðir hundar, svo eitthvað sé nefnt. Mér er það minnstætt þegar ég barnung kom í kirkjugarð norður í landi í tengslum við ættarmót. Þar hvíldu fjögur systkini afa míns, sem létust í byrjun árs 1909 úr barnaveiki. Þegar ég barnið spurði um

þessa barnaveiki fékk ég svarið: Nú í dag eru börn bólusett og ekkert barn deyr lengur úr þessari veiki. Dóttir þessa afa míns var barnshafandi árið 1964 og fékk rauða hunda. Sonur hennar, frændi minn og næstum jafnaldri, fæddist heyrnar-skertur. Mínar fyrstu minningar um hann tengjast því að skoða heyrnartækin og stóra kassann sem hann hafði um hálsinn. Ég man líka þegar við frændsystkinin fórum í feluleik. Hann varð útundan og skiljanlega sár og reiður, því hann heyrði engin hó. Þessum frænda mínum hefur vegnað vel í lífinu, en ég er viss um að hann hefði lifað betra lífi, hefði hann haft fulla heyrn og sloppið við allt það aðkast sem hann hefur orðið fyrir um ævina vegna heyrnarskerðingarinnar. Ef einhver í minni fjölskyldu hefur minnstu efasemdir um ágæti bólusetninga er fjölskyldusagan rifjuð upp, sorgir og missir forfeðranna og bætt við að þetta myndi ekki að gerast í dag.

Sem lungnalæknir rekst ég líka á fólk sem var á unga aldri þegar síðasti lömunarveikifaraldur fór um Ísland upp úr 1950. Þetta fólk fékk varanleg mein af sjúkdómnum, svo sem gríðarlega hrygg-skekku (*kyphoscoliosis*). Þegar aldurinn færir yfir berst þetta fólk við öndunarbílun, almennt minnkaða færni og skert lífsgæði.

Árið 1998 birtist grein í *Lancet* eftir meltingarlækninn Andrew Wakefield um tengsl MMR-bólusetningar og aukinnar tíðni á einhverfu. Þessi tíðindi fóru eins

og eldur í sinu um hinn vestræna heim og foreldrar vildu ekki láta bólusetja börnin sín. Seinna kom í ljós að rannsóknarniðurstöður voru ekki bara rangar, heldur falsaðar. Í ritstjórnargrein *BMJ* 15. mars 2011; 342 stendur: „Clear evidence of data should now close the door on this damaging vaccine scare.“

Þessa dagana virðist alheimsfaraldur ebóla í uppsiglingu. Í fréttum heyrir maður að Norðmenn hafi keypt síðasta skammtinn af tilraunabóluefni og vikur eða mánuðir muni líða þar til næstu skammtar verði tilbúnir. Það er ekki laust við að ugga setji að manni.

Við fagfólkið eigum að vita að bólusetningar bjarga mannlífum. Efasemdaraddir heilbrigðisstarfsfólks, hvort heldur þær koma frá læknum eða hjúkrunarfræðingum, eru í mínum huga hrein afglöp. Það er okkar að fræða, upplýsa og hvetja almenning til að mæta í bólusetningar, sérstaklega með börnin, sem við fullorðna fólkið berum ábyrgð á.

Við megum ekki sofna á verðinum. Smitsjúkdómar verða alltaf til en þeim hættulegu smitsjúkdómum sem við getum útrýmt verðum við að útrýma að fullu. Við megum ekki lenda aftur á byrjunarreit hvað þessa vágesti varðar, sem okkur hefur orðið svo vel ágengt með á undanförunum áratugum. Við verðum að upplýsa yngri kynslóðirnar áður en það er um seinan og þessir sjúkdómar ná að geisa aftur í faröldrum og útrýma okkur.

## Læknar í verkfall

Það er sögulegt móment þegar tekin er mynd af fyrstu verkfallsvakt lækna mánudagsmorguninn 27. október 2014. Hún stillir sér upp grá eða blá fyrir járnum, á hraðri leið úr Hlíðasmára og út á akurinn. Konurnar á vaktinni voru galvaskar að morgni dags og búnar að fá skýr fyrirmæli um það frá formanni, framkvæmdastjóra og lögfræðingi Læknafélagsins að hverju beri að gá og hafa eftirlit með á verkfallsvakt. Það er ekki á hverjum degi sem launamenn standa frammi fyrir svona verkefni, og það hefur aldrei gerst áður í sögunni að komið hafi til verkfalls lækna hérlendis. Frá vinstri eru heimilislæknarnir Þórdís Anna Oddsdóttir, Björg Þ. Magnúsdóttir, Sigríður Ýr Jensdóttir og Elínborg Bárðardóttir. Mynd VS.

